



Lögbingablað

Heimilisfang: Ránarbraut 1, 870 Vík. Sími 458 2800. Myndsendir 458 2860.
Netfang: logbingabladid@syslumenn.is • Veffang: www.logbingablad.is.
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa) – ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)
Árg. kostar kr. 82.000, eintakið kr. 802.

Gefið út samkvæmt lögum nr. 15 10. mars 2005

Nr. 49 119. ár

23. mars 2026

Útgáfud.: 20. mars 2026

Greiðsluáskorun

Kröfunúmer 1203-017611.
Reykjavík, 11. mars 2026.

Polar experts ehf.,
kt. 600625-1600,
Lögheimili að Höfðabakka 9, Reykjavík.

LAG lögmönnum sf, Ingólfsstræti 5, Reykjavík (lag@lag.is) hefur verið falið að innheimta hjá ofangreindum aðila neðangreinda kröfu:

Kröfueigandi: Gildi - lífeyrissjóður, kt. 561195-2779, Guðrúnartúni 1, Reykjavík.

Heimildarskjal: Lífeyrissjóðsiðgjöld o.fl.

Sjóður.	Fylgiskj.	Tímabil.	Gjald.	Upphæð.
1-L200-skgr	SS25-51141	02.09.2025	10.08.2025	1.737.610
1-R200-skgr	SS25-51141	02.09.2025	10.08.2025	11.206
1-L200-skgr	SS25-56722	30.09.2025	10.09.2025	2.078.791
1-R200-skgr	SS25-56722	30.09.2025	10.09.2025	13.412
1-T200-skgr	SS25-56722	30.09.2025	10.09.2025	837
1-L200-skgr	SS25-61899	15.10.2025	10.10.2025	1.787.683
1-R200-skgr	SS25-61899	15.10.2025	10.10.2025	11.526
1-L200-skgr	SS25-67943	15.11.2025	10.11.2025	2.000.922
1-R200-skgr	SS25-67943	15.11.2025	10.11.2025	12.903

Lýsing kröfu : Ógreidd iðgjöld í lífeyrissjóð og endurhæfingarsjóð skv. skilgreinum vegna júlí 2025 til og með október 2025.

Krafan sundurliðast nú þannig:

Höfuðstóll	7.654.890
Dráttarvextir til 10.03.2026	526.596
Innheimtuþóknun	641.048
Kostnaður vegna fjárnáms	7.000
Annar kostnaður	1.500
Vextir af kostnaði	251
Samtals kr.	8.831.285

auk áfallandi dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu til greiðsludags og annars áfallandi kostnaðar.

Skuldari Polar experts ehf. er skráð með lögheimili að Höfðabakka 9, Reykjavík en samkvæmt birtingavottorði stefnuvotts þekkist fyrirtækið ekki á þeim stað. Skráður stjórnarmaður og framkvæmdastjóri skuldara, Vasile Deaconu, kt. 030290-4619, er með óþekkt heimilisfang og sama gildir um varamann í stjórn skuldara, Eugen Boingeanu, kt. 050396-6659. Starfsstöð skuldara er óþekkt.

Skuldin er öll í gjalddaga fallin. Hér með er skorað á skuldara/fyrirsvarsmann skuldara að greiða skuldina innan 3 vikna frá birtingu greiðsluáskorunar þessarar í Lögbirtingablaði, eða að öðrum kosti lýsa því skriflega yfir við kröfueiganda Gildi-lífeyrissjóð eða LAG lögmenn sf., Ingólfsstræti 5, Reykjavík, innan 3 vikna frá birtingu greiðsluáskorunar þessarar í Lögbirtingablaði að skuldari verði fær um að greiða skuldina innan skamms og færa fyrir því sönnur.

Um birtingu greiðsluáskorunar þessarar fer samkvæmt reglum sem gilda um birtingu stefnu í einkamáli, sbr. 5. tölul. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Greiðsluáskorunin er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a-liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, þar sem ekki er unnt að afla upplýsinga um hvar birta megi greiðsluáskorunina eftir almennum reglum.

Vakin er athygli á því að heimilt er að óska eftir gjaldþrotaskiptum á búi skuldara Polar experts ehf, ef ekki verður orðið við áskorun þessari sbr. 5. tölul. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., sbr. b-lið 17. gr. laga nr. 95/2010.

Reykjavík, 11. mars 2026

Karl Ó Karlsson hrl.

20260320010A

Útgáfud.: 20. mars 2026

Tilkynning um dráttarvexti og vexti af peningakröfum nr. 03/2026

Fyrsti kafli hér að neðan um dráttarvexti er birtur samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, og gilda dráttarvextir sem þar eru sýndir í einn mánuð í senn, frá fyrsta degi hvers mánaðar.

Annar kafli um almenna vexti er birtur samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 4. og 8. gr. sömu laga og gilda vextir samkvæmt þessum kafla næsta almanaksmánuðinn eða uns næsta tilkynning birtist.

Vextir sem breytast eru merktir með stjörnu (*) og innan sviga þar við eru sýndir vextir fyrir breytingu.

I. Dráttarvextir af peningakröfum í krónum	Vextir alls á ári f.o.m. 1. apríl 2026
1. Grunnur dráttarvaxta	8,25 (* 8,00%)
2. Vanefndaálag ²	7,00%
3. Dráttarvextir ³	15,25 (* 15,00%)
II. Almennir vextir af peningakröfum í krónum.	Vextir alls á ári f.o.m. 1. apríl 2026
1. Vextir óverðtryggðra lána skv. 4. gr. ⁴	8,20%
2. Vextir verðtryggðra lána skv. 4. gr. ⁴	4,75%
3. Vextir af skaðabótakröfum ⁵	5,47%

Um leið og tilkynning þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 2026, fellur úr gildi tilkynning nr. 02/2026, dags 19. febrúar 2026, um dráttarvexti og vexti af peningakröfum.

Reykjavík, 19. mars 2026.
Seðlabanki Íslands.

Pórarinn G. Pétursson.

Gunnar Ormslev Ásgeirsson.

- Grunnur dráttarvaxta er miðaður við nafnvexti á lánnum gegn veði hjá Seðlabanka Íslands.
- Vanefndaálag er sjö hundraðshlutar, nema um annað sé samið skv. 2. mgr. 6. gr. laganna.
- Dráttarvextir eru samtala grunns dráttarvaxta og vanefndaálags. Seðlabankinn skal birta dráttarvexti eigi skemur en viku fyrir gildistöku dráttarvaxta, sem eru fyrsta dag hvers mánaðar.
- Almenna vexti sbr. 3. gr. laganna skal því aðeins greiða af peningakröfu að það leiði af samningi, venju eða lögum. Þegar hundraðshluti eirra eða vaxtaviðmiðun er að öðru leyti ekki tiltekin, skulu vextir vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr. laganna. Þar sem um verðtryggða kröfu er að ræða skulu vextir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabankinn ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum verðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr. laganna. Í bráðabirgðaákvæði I í lögum nr. 38/2001 segir: „Nú segir í lánsamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánnum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, meðalútlánsvexti viðskiptabanka og sparisjóða eða meðalútlánsvexti sem Seðlabanki Íslands birtir, eða vísað er með öðrum almennum hætti til vaxta á markaði, og skulu þá vextir af þessum peningakröfum, eftir gildistöku laganna, vera jafnháir vöxtum skv. 1. másl. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. másl. 4. gr. að viðbættum 2,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða. Nú segir í lánsamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við hæstu lögleyfðu vexti á hverjum tíma, hæstu vexti á markaðnum eða vísað er með öðrum almennum hætti til hæstu vaxta á markaði og skulu þá vextir af þessum peningakröfum eftir gildistöku laganna vera jafnháir vöxtum skv. 1. másl. 4. gr. að viðbættum 4,5%, þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. másl. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða.“
- Vextir af kröfum um skaðabætur, sbr. 1. mgr. 8. gr. laganna skulu á hverjum tíma vera jafnháir tveimur þriðju hlutum vaxta sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. másl. 4. gr. laganna.

19. mars 2026
20260320009A

Útgáfud.: 20. mars 2026

Tilkynning um meðferð máls skv. barnalögum nr. 76/2003

Sýslumaðurinn á Suðurlandi, Hörðuvöllum 1, 800 Selfossi, gerir kunnugt: Gerð hefur verið krafa um að Telesforo Pillos Gilo, fd. 13.5.1978, Bandaríkjunum, greiði einfalt meðlag samkvæmt 57. gr. barnalaga nr. 76/2003 með börnum sínum frá 1. júlí 2025 til 18 ára aldurs.

Með vísan til 4. mgr. 70. gr. barnalaga nr. 76/2003 er hér með skorað á Telesforo Pillos Gilo að mæta til fyrirtöku málsins á skrifstofu sýslumanns að Hörðuvöllum 1, föstudaginn 24. apríl 2026 kl. 9.30.

Athygli er vakin á því að verði þessari kvaðningu ekki sinnt mun sýslumaður veita úrlausn á grundvelli þeirra krafna og gagna sem fyrir liggja vegna framangreinds máls.

Selfoss, 20. mars 2026
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
20260320011A

Útgáfud.: 20. mars 2026

Innköllun protabús - SLS-Eignir ehf

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 11. mars 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:

SLS-Eignir ehf,
kt. 611298-3319,
Kringlunni 7, 103 Reykjavík

Frestdagur:

12. nóvember 2025

Skiptafundur:

9. júní 2026
þriðjudaginn
kl. 11:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skólavörðustíg 12, Reykjavík eða rafrænt á netfangið sunna@logmal.is

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skólavörðustíg 12, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 12. mars 2026
f.h. Hrefnu Þórsdóttur lögmans,
Sunna Magnúsdóttir lögmaður.
20260313011B

Útgáfud.: 20. mars 2026

Innköllun þrotabús - Tattoo ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 11. mars 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Tattoo ehf., kt. 580315-0700, Stangarhyl 7, 110 Reykjavík	12. nóvember 2025	9. júní 2026 þriðjudaginn kl. 10:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík eða rafrænt á netfangið sunna@logmal.is.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skólavörðustíg 12, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 12. mars 2026
f.h. Magnúsar Óskarssonar hrl.,
Sunna Magnúsdóttir lögmaður.
20260313010B

Útgáfud.: 20. mars 2026

Innköllun þrotabús - Smiðjuhúsið slf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 25. febrúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Smiðjuhúsið slf., kt. 650213-2460, Rósarima 3, Reykjavík	30. október 2025	20. maí 2026 miðvikudaginn kl. 09:15

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra að Ármúla 13, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Ármúla 13, Reykjavík., á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 6. mars 2026
Þorsteinn Einarsson hrl.
20260313019B

Útgáfud.: 20. mars 2026

Innköllun þrotabús - Ice Management ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 25. febrúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Ice Management ehf., kt. 661005-1650, Laugavegur 170, Reykjavík.	30. október 2025	20. maí 2026 miðvikudaginn kl. 11:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra að Ármúla 13, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Ármúla 13, Reykjavík., á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 6. mars 2026
Þorsteinn Einarsson hrl.
20260313018B

Útgáfud.: 20. mars 2026

Innköllun þrotabús - RAL 9010 slf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 25. febrúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
RAL 9010 slf., kt. 570921-0530, Grensásvegi 50, Reykjavík.	30. október 2025	20. maí 2026 miðvikudaginn kl. 10:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Ármúla 13, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Ármúla 13, Reykjavík., á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 6. mars 2026
Þorsteinn Einarsson hrl.
20260313017B

Útgáfud.: 20. mars 2026

Innköllun þrotabús - Northsil ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 11. mars 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Northsil ehf., kt. 601011-0850, Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík	30. október 2025	3. júní 2026 miðvikudaginn kl. 11:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra með rafrænum hætti á netfangið agust@iuslaw.is

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Urriðaholtsstræti 2-4, Garðabæ, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Garðabæ, 16. mars 2026
Ágúst Karl Karlsson lögmaður.
20260320001A

Útgáfud.: 20. mars 2026

Innköllun þrotabús - 2010 Byggingar ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjaness uppkveðnum 19. mars 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
2010 Byggingar ehf., kt. 650225-0740, Suðurlandsbraut 48, Reykjavík	22. desember 2025	10. júní 2026 miðvikudaginn kl. 10:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Borgartún 25, 105 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skrifstofu skiptastjóra, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 19. mars 2026
Björgvin Halldór Björnsson lögmaður
20260320002A

Útgáfud.: 20. mars 2026

Innköllun þrotabús - Kjarnabyggð ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjaness uppkveðnum 19. mars 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Kjarnabyggð ehf., kt. 490306-1290, Auðbrekku 16, Kópavogi	7. nóvember 2025	9. júní 2026 þriðjudaginn kl. 14:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Borgartún 25, 105 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skrifstofu skiptastjóra, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 19. mars 2026
Björgvin Halldór Björnsson lögmaður
20260320003A

Útgáfud.: 20. mars 2026

Innköllun þrotabús - Stjörnuvélar ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjaness uppkveðnum 19. mars 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:

Stjörnuvélar ehf.,
kt. 610116-0270,
Bakkabraut 12, Kópavogi

Frestdagur:

23. október 2025

Skiptafundur:

9. júní 2026
Þriðjudaginn
kl. 10:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Borgartún 25, 105 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skrifstofu skiptastjóra, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 19. mars 2026
Björgvin Halldór Björnsson lögmaður
20260320004A

Útgáfud.: 20. mars 2026

Innköllun þrotabús - GRAZIE Trattoria ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 11. mars 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:

GRAZIE Trattoria ehf.,
kt. 520721-2150,
Ármúla 3, Reykjavík

Frestdagur:

2. desember 2025

Skiptafundur:

28. maí 2026
fimmtudaginn
kl. 10:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra með rafrænum hætti á netfangið arni@kls.is.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Þverholt 2, 270 Mosfellsbæ, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Mosfellsbæ, 13. mars 2026
Árni Freyr Árnason lögmaður
20260320005A

Útgáfud.: 20. mars 2026

Innköllun félagsslit - LD verk slf.

Á ályktunarbærum félagsfundi 16.3.2026 í neðangreindu sameignarfélagi var ákveðið að slíta félaginu, í samræmi við lög nr. 50/2007, um sameignarfélög.

Með vísan til 41. gr. laga nr. 50/2007, er hér með skorað á lánardrottna félagsins að lýsa kröfum sínum á hendur félaginu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu auglýsingar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar til Fjárhúsið endurskoðun ehf., Skútuvogi 13, 104 Reykjavík, merktar LD verk slf.

Félagsmenn hafa ákveðið að boða til fundar með lánardrottnum og félagsmönnum að Skútuvogi 13, á neðangreindum tíma, til að fjalla um kröfur á hendur félaginu.

Nafn Sameignarfélags

LD verk slf.
kt. 701118-0810

Félagsfundur

Þriðjudaginn, 26. maí 2026, kl. 10.00

Reykjavík, 19. mars 2026
f.h. félagsmanna
Heimir Jóhannesson Fjárhúsið endurskoðun ehf.
20260320006A

Útgáfud.: 20. mars 2026

Embætti skólameistara Menntaskólans við Hamrahlíð laust til umsóknar

Mennta- og barnamálaráðuneytið auglýsir embætti skólameistara Menntaskólans við Hamrahlíð laust til umsóknar.

Við leitum að kraftmiklum og framsæknum leiðtoga sem hefur skýra sýn á þróun framhaldsskólastigsins og getu til að leiða öflugt starf Menntaskólans við Hamrahlíð inn í framtíðina. Menntaskólinn við Hamrahlíð er framhaldsskóli sem býður upp á bóknámsbrautir til stúdentsprófs, þ.e. félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðabraut, listmenntabraut, listdansbraut og opna braut. Einnig starfrækir skólinn IB-námsbraut sem leiðir til alþjóðlegs stúdentsprófs. Við skólann er einnig fjölnámsbraut ætluð nemendum sem þurfa einstaklingsmiðað nám og þá á skólinn í samstarfi við Menntaskóla í tónlist. Þessar fjölbreyttu námsleiðir kalla á víðtækt samráð og samstarf við ótal hagaðila. Starfsmenn skólans eru um 100 og fjöldi nemenda um 1.100.

Á næstu misserum verður lögð aukin áhersla á að styrkja stjórnýslu og umgjörð framhaldsskóla, auk gagnadrifinnar ákvarðanatöku. Saman þurfum við að tryggja að skólarnir búi nemendur undir framtíð sem einkennist af hraðri tækniþróun, nýjum hæfniskröfum og sibreytilegu samfélagi. Við leitum því að öflugum, jákvæðum og framsýnum leiðtoga sem hefur vilja og getu til að starfa með starfsfólki og nemendum að áframhaldandi þróun skólans.

Helstu verkefni og ábyrgð.

Skólameistari er faglegur leiðtogi í mótun skólastarfs á grundvelli laga og aðalnámskrár framhaldsskóla. Skólameistari veitir skólanum forstöðu. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi skólans og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og að henni sé fylgt og hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfí innan skólans.

Hæfniskröfur.

Umsækjendur skulu hafa starfsheitið kennari og hafa viðbótarmenntun í stjórnun eða reynslu sem veitir sérhæfða hæfni sem snýr að skólaþróun, stjórnun, rekstri og stjórnýslu.

- Framúrskarandi leiðtogahæfni sem endurspeglast m.a. í drifkrafti og frumkvæði ásamt færni í að skapa liðsheild á vinnustað.
- Farsæl reynsla af breytingastjórnun og stefnumótun. Einnig hæfni til að leiða breytingar af jákvæðni og setja nemendur og gæði menntunar í forgang.
- Skýr framtíðarsýn þegar kemur að mótun skólastarfs á framhaldsskólastigi.
- Góð greiningarhæfni, lausnamiðuð hugsun og sterk sýn til nýsköpunar og þróunar í skólastarfi.
- Framúrskarandi samskiptahæfni og hæfileiki til að sameina starfsfólk um skýra stefnu á umbrotatímum.
- Þekking og/eða reynsla af opinberri stjórnýslu, fjármálum, rekstri og áætlanagerð.

Frekari upplýsingar um starfið.

Um launakjör fer samkvæmt 39. gr. a laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Ráðning og kjör:

Mennta- og barnamálaráðherra skipar skólameistara til fimm ára í senn að fenginni umsögn hlutaðeigandi skólanefndar skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum. Skipað verður í embættið eigi síðar en frá **1. ágúst 2026**.

Um ráðningu og launakjör skólameistara fer eftir 2. gr. 12. gr. laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eins og að ofan greinir.

Umsóknir:

Með umsókn skal fylgja 1) ferilskrá með upplýsingum um núverandi starf umsækjanda ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf, 2) kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hvernig umsækjandi uppfyllir hæfniskröfur samkvæmt starfsauglýsingu og 3) greinargerð umsækjanda um framtíðarsýn fyrir Menntaskólann við Hamrahlíð út frá faglegum áherslum í skólastarfi.

Athygli er vakin á því að samkvæmt 7. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 er ráðuneytinu skylt að veita upplýsingar um nöfn og starfsheiti umsækjenda þegar umsóknarfrestur er liðinn.

Starfshlutfall er 100%

Umsóknarfrestur er til og með 9. apríl 2026.

Nánari upplýsingar veitir.

Hildur Ragna Kristjánsdóttir mannauðsstjóri,

hildur.ragna.kristjansdottir@mrn.is

Reykjavík, 20. mars 2026

Mennta- og barnamálaráðuneytið.

20260320012A

Útgáfud.: 20. mars 2026

Embætti skólameistara Borgarholtsskóla laust til umsóknar

Mennta- og barnamálaráðuneytið auglýsir embætti skólameistara Borgarholtsskóla laust til umsóknar.

Við leitum að kraftmiklum og framsæknum leiðtoga sem hefur skýra sýn á þróun framhaldsskólastigsins og getu til að leiða öflugt starf Borgarholtsskóla inn í framtíðina. Borgarholtsskóli er áfangaskóli sem býður nám til stúdentsprófs á bóknámsbrautum auk þess að bjóða fjölbreytt nám til starfsréttinda, starfsbraut og framhaldsskólabraut. Þá býður skólinn uppá íþróttaakademíu fyrir alla nemendur sem stunda skipulagðar keppnisíþróttir. Þessar fjölbreyttu námsleiðir kalla á víðtækt samráð og samstarf við ótal hagaðila. Skólinn starfar eftir annakerfi og þjónar nemendum af höfuðborgarsvæðinu og öllu landinu. Starfsmenn skólans eru liðlega 160 og fjöldi nemenda um 1.270, þar af 1.020 í dagskóla.

Á næstu misserum verður lögð aukin áhersla á að styrkja stjórnýslu og umgjörð framhaldsskóla, auk gagnadrifinnar ákvarðanatöku. Saman þurfum við að tryggja að skólarnir búi nemendur undir framtíð sem einkennist af hraðri tækniþróun, nýjum hæfnikröfum og sibreytilegu samfélagi. Við leitum því að öflugum, jákvæðum og framsýnum leiðtoga sem hefur vilja og getu til að starfa með starfsfólki og nemendum að áframhaldandi þróun skólans.

Helstu verkefni og ábyrgð.

Skólameistari er faglegur leiðtogi í mótun skólastarfs á grundvelli laga og aðalnámskrár framhaldsskóla. Skólameistari veitir skólanum forstöðu. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi skólans og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og að henni sé fylgt og hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans.

Hæfniskröfur.

- Umsækjendur skulu hafa starfsheitið kennari og hafa viðbótarmenntun í stjórnun eða reynslu sem veitir sérhæfða hæfni sem snýr að skólaþróun, stjórnun, rekstri og stjórnýslu.
- Framúrskarandi leiðtogahæfni sem endurspeglast m.a. í drifkrafti og frumkvæði ásamt færni í að skapa liðsheild á vinnustað.
- Farsæl reynsla af breytingastjórnun og stefnumótun. Einnig hæfni til að leiða breytingar af jákvæðni og setja nemendur og gæði menntunar í forgang.
- Skýr framtíðarsýn þegar kemur að mótun skólastarfs á framhaldsskólastigi.
- Góð greiningarhæfni, lausnamiðuð hugsun og sterk sýn til nýsköpunar og þróunar í skólastarfi.
- Framúrskarandi samskiptahæfni og hæfileiki til að sameina starfsfólk um skýra stefnu á umbrotatímum.

• Þekking og/eða reynsla af opinberri stjórnýslu, fjármálum, rekstri og áætlanagerð.

Frekari upplýsingar um starfið.

Um launakjör fer samkvæmt 39. gr. a laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Ráðning og kjör:

Mennta- og barnamálaráðherra skipar skólameistara til fimm ára í senn að fenginni umsögn hlutaðeigandi skólanefndar skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum. Skipað er í embættið frá **1. júlí 2026**.

Um ráðningu og launakjör skólameistara fer eftir 2. gr. 12. gr. laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eins og að ofan greinir.

Umsóknir:

Með umsókn skal fylgja 1) ferilskrá með upplýsingum um núverandi starf umsækjanda ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf, 2) kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hvernig umsækjandi uppfyllir hæfniskröfur samkvæmt starfsauglýsingu og 3) greinargerð umsækjanda um framtíðarsýn fyrir Borgarholtsskóla út frá faglegum áherslum í skólastarfi.

Athygli er vakin á því að samkvæmt 7. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 er ráðuneytinu skylt að veita upplýsingar um nöfn og starfsheiti umsækjenda þegar umsóknarfrestur er liðinn.

Starfshlutfall er 100%

Umsóknarfrestur er til og með 9. apríl 2026.

Nánari upplýsingar veitir

Hildur Ragna Kristjánsdóttir mannauðsstjóri,
hildur.ragna.kristjansdottir@mrn.is

Reykjavík, 20. mars 2026

Mennta- og barnamálaráðuneytið.

20260320013A

Útgáfud.: 20. mars 2026

Embætti skólameistara Menntaskólans á Egilsstöðum laust til umsóknar

Mennta- og barnamálaráðuneytið auglýsir embætti skólameistara Menntaskólans á Egilsstöðum laust til umsóknar.

Við leitum að kraftmiklum og framsæknum leiðtoga sem hefur skýra sýn á þróun framhaldsskólastigsins og getu til að leiða öflugt starf Menntaskólans á Egilsstöðum inn í framtíðina. Menntaskólinn á Egilsstöðum er áfangaskóli sem býður upp á fjölbreytt nám til stúdentsprófs á bóknámsbrautum, nám á starfsbraut og framhaldsskólabraut. Þá býður skólinn einnig upp á fjarnám. Starfsmenn skólans eru um 45, fjöldi nemenda í dagskóla er um 225 og nemendur í fjarnámi eru um 200. Á heimavist skólans dvelja um 100 nemendur.

Á næstu misserum verður lögð aukin áhersla á að styrkja stjórnslu og umgjörð framhaldsskóla, auk gagnadrifinnar ákvarðanatöku. Saman þurfum við að tryggja að skólarnir búi nemendur undir framtíð sem einkennist af hraðri tækniþróun, nýjum hæfniskröfum og síbreytilegu samfélagi. Við leitum því að öflugum, jákvæðum og framsýnum leiðtoga sem hefur vilja og getu til að starfa með starfsfólki og nemendum að áframhaldandi þróun skólans.

Helstu verkefni og ábyrgð.

Skólameistari er faglegur leiðtogi í mótun skólastarfs á grundvelli laga og aðalnámskrár framhaldsskóla. Skólameistari veitir skólanum forstöðu. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi skólans og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann ber

ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og að henni sé fylgt og hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans.

Hæfniskröfur:

- Umsækjendur skulu hafa starfsheitið kennari og hafa viðbótarmenntun í stjórnun eða reynslu sem veitir sérhæfða hæfni sem snýr að skólaþróun, stjórnun, rekstri og stjórnsýslu.
- Framúrskarandi leiðtogahæfni sem endurspeglast m.a. í drifkrafti og frumkvæði ásamt færni í að skapa liðsheild á vinnustað.
- Farsæl reynsla af breytingastjórnun og stefnumótun. Einnig hæfni til að leiða breytingar af jákvæðni og setja nemendur og gæði menntunar í forgang.
- Skýr framtíðarsýn þegar kemur að mótun skólastarfs á framhaldsskólastigi.
- Góð greiningarhæfni, lausnamiðuð hugsun og sterk sýn til nýsköpunar og þróunar í skólastarfi.
- Framúrskarandi samskiptahæfni og hæfileiki til að sameina starfsfólk um skýra stefnu á umbrotatímum.
- Þekking og/eða reynsla af opinberri stjórnsýslu, fjármálum, rekstri og áætlanagerð.

Frekari upplýsingar um starfið.

Um launakjör fer samkvæmt 39. gr. a laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Ráðning og kjör:

Mennta- og barnamálaráðherra skipar skólameistara til fimm ára í senn að fenginni umsögn hlutaðeigandi skólanefndar skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum. Skipað er í embættið frá **1. ágúst 2026**.

Um ráðningu og launakjör skólameistara fer eftir 2. gr. 12. gr. laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eins og að ofan greinir.

Umsóknir:

Með umsókn skal fylgja 1) ferilskrá með upplýsingum um núverandi starf umsækjanda ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf, 2) kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hvernig umsækjandi uppfyllir hæfniskröfur samkvæmt starfsauglýsingu og 3) greinargerð umsækjanda um framtíðarsýn fyrir Menntaskólann á Egilsstöðum út frá faglegum áherslum í skólastarfi.

Athygli er vakin á því að samkvæmt 7. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 er ráðuneytinu skylt að veita upplýsingar um nöfn og starfsheiti umsækjenda þegar umsóknarfrestur er liðinn.

Starfshlutfall er 100%

Umsóknarfrestur er til og með 9. apríl 2026.

Nánari upplýsingar veitir

Hildur Ragna Kristjánsdóttir mannauðsstjóri,

hildur.ragna.kristjansdottir@mrn.is

Reykjavík, 20. mars 2026

Mennta- og barnamálaráðuneytið.

20260320014A

Útgáfud.: 20. mars 2026

Skiptalok - Tæmatur ehf.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness þann 9. október 2025 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum því lokið 2. mars 2026 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Tæmatur ehf.
kt. 490519-0680

Lýstar kröfur:

kr. 54.348.570

Reykjavík, 9. mars 2026

Haraldur Flosi Tryggvason Klein skiptastjóri
20260313035B

Útgáfud.: 20. mars 2026

Skiptalok - þb. Róbert Jónsson

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 10. desember 2025 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 11. mars 2026 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að fengist greitt upp í lýstar kröfur auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Róbert Jónsson,
kt. 030174-3649,
með ótilgreint lögheimili í Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 8.828.685

Reykjavík, 13. mars 2026

Puríður Kristín Halldórsdóttir lögmaður.
20260320007A

Útgáfud.: 20. mars 2026

Auglýsing um skipulag - Hafnarfjarðarbær

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 11. febrúar að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Valla 3. áfangi í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breyting er á lóð Ásvallarlaugar og felst í að byggingarreitur er stækkaður til að koma fyrir saunaklefum, inni- og útilaug og stækkun á tæknirými. Lögun óraskaðs hrauns er breytt lítillega í samræmi við staðhætti og gert er ráð fyrir gönguleiðum í hrauninu.

Á kynningartíma frá 19. mars til 3. maí 2026 má nálgast tillöguna á vef skipulagsgáttar <https://skipulagsgatt.is/>

Athugasemdum og/eða ábendingum skal skila rafrænt í gegnum skipulagsgátt HMS. Ef óskað er frekari upplýsinga um tillögur í kynningu er hægt að senda fyrirspurn á netfangið: skipulag@hafnarfjordur.is.

Hafnarfirði, 16. mars 2026

f.h. Umhverfis- og skipulagssviðs,
Anna Margrét Tómasdóttir.
20260320008A

Lögbirtingablað,

49. tölublað 2026.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi

Kristín Þórðardóttir

Afritun eða dreifing þessa efnis er óheimil. Efnið kann að innihalda persónuupplýsingar sem njóta verndar samkvæmt lögum nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679 (GDPR). Óheimil meðferð getur varðað við lög.